

## Fylgiskjal 7

### Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vakni grunur hjá starfsfólki/fagfólki vegna einstakra barna s.s. grunur um röskun, fötlun eða vanrækslu:

- Viðkomandi starfsmaður hefur samband við deildarstjóra barnsins og áhyggjur viðraðar.
- Deildarstjóri veitir starfsmanni/starfsfólki ráðgjöf og leitar lausna í samvinnu við starfsmenn deildarinnar.
- Deildarstjóri skal ávallt hafa samband við leikskólastjóra sem ákveður næstu skref í samráði við deildarstjóra.

Vakni grunur um þroskafrávik hjá barni er eðlilegt að kortleggja vandann innan leikskólans:

- Hvaða aðferðir hafa verið notaðar, hvernig það hefur virkað og hefur íhlutun verið markviss.
- Gera áætlun um leiðir til að vinna með barnið fram að ráðgjöf á samráði (fagteymi frá ÞB).
- Deildarstjóri setur sig í samband við foreldra og viðrar áhyggjur.
- Deildarstjóri skoðar fyrirbyggjandi gögn s.s. TRAS, EFI-2 og HLJÓM-2 og svarar hegðunarlistum.
- Deildarstjóri biður foreldra að fylla út lista s.s. íslenska þroskalistann, smábarnalistann, SDQ eða ADHD rating scale.

### Málið reifað á samráði

Leikskólastjóri sendir sérfræðiteymi samráðsins á Þjónustumiðstöð Breiðholts (ÞB) og deildarstjórum leikskólans dagskrá samráðsfundar í vikunni fyrir samráð. Leikskólastjóri skipar fundarstjóra sem stýrir fundi og ritara sem ritar fundargerð.

Deildarstjóri/leikskólastjóri, með vitneskju foreldra, tekur upp erindið á samráði skólans með tengiliðum frá ÞB. Samráð tekur ákvörðun um það hvort sækja eigi um aðstoð frá ÞB s.s. skólamál, viðtalsbeiðni eða tilvísun.

Sé mál barns í vinnslu hjá ÞB má skrá fullt nafn barns á samráði. Sé mál barns ekki í vinnslu á ÞB skal aðeins skrá „stúlka þriggja ára“ eða „drengur fimm ára“ o.s.frv. Tilvísanir eru alltaf ræddar fyrst á samráði og ákvörðun tekin um þörf á tilvísun eða öðru.

Leikskólastjóri sem er ábyrgðarmaður sérkennslu og deildarstjórar sitja samráðsfundi þar sem það á við. Leikskólastjóri metur hvort allir sitji fundinn á sama tíma eða komi einungis inn til að ræða mál sem varða börn á deild viðkomandi deildarstjóra.

Ef ákvörðun hefur verið tekin um að senda tilvísun fyrir barn til ÞB fylla deildarstjóri og foreldrar út tilheyrandi pappíra sem sendir eru á ÞB. (tilvísun ef óskað er eftir sérfræðipjónustu, viðtalsbeiðni ef foreldrar óska eftir viðtali við sérfræðing o.s.frv.)

## **Æskilegt vinnulag**

Þegar tilvísun, viðtalsbeiðni eða annað hefur verið sent á ÞB er bið eftir sérfræðipjónustu. Unnið er með barnið á meðan eftir því sem hægt er og aðstæður leyfa hverju sinni.

Þegar niðurstöður greiningar liggja fyrir sækir leikskólinn um stuðning fyrir viðkomandi barn ef við á. Einnig er stuðningsaðili ráðinn til starfa til að vinna með barninu og ýta undir þroskamöguleika þess. Fyllt er í AEPS lista, Efi2 eða HLJÓM2 eftir aldri barnsins, gerð er einstaklingsnámskrá í samráði við fagteymi á ÞB og foreldra. Mikilvægt er að vinna með barnið í barnahópnum á deildinni svo framarlega sem fötlun þess sé ekki það mikil að nauðsynlegt sé að vinna með það í einstaklingsþjálfun.

Ferli sem unnið er eftir með börnum sem njóta stuðnings fer eftir þroskafrávikum barna hverju sinni og er unnið í samvinnu við fagteymi á ÞB. Má hér nefna að börn sem greinst hafa með einhverfu eru í athyglisþjálfun alla daga t.d. fyrir hádegi og svo er unnið með þau í barnahópnum eftir hádegi. Börn með röskun í málprosa og aðra þroskaröskun eru þjálfuð að mestu inni í barnahópnum. Félagsproskinn kemur hér sterkt inn því börn með málproskaröskun þurfa að fá þjálfun ekki bara í málproskanum heldur líka í því að geta leikið við önnur börn, skilið þau og gert sig skiljanleg og átt góð samskipti í leiknum. Börn með hegðunarfrávik er unnið með í samvinnu við fagaðila á ÞB hverju sinni. Engin tvö börn eru eins og því er aldrei hægt að setja alla í sama kassann.

## **Barnavernd**

Ef grunur vaknar um vanrækslu skal ávallt hafa samband við leikskólastjóra sem ákveður næstu skref í samráði við deildarstjóra.

Hægt er að hringja í opinn síma barnaverndar á milli kl. 13:00 og 15:00 alla virka daga.

Hægt er að hafa samband við vakthafandi félagsráðgjafa á ÞB eða tengilið leikskólans ef nauðsyn krefur.